

Ársskýrsla

Samantekt um árið 2016

Starfsáætlun 2017



Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. STOFNUN OG STOFNAÐILAR.....	3
STOFNAÐILAR VÍSKU	3
STJÓRN OG VARASTJÓRN.....	3
STARFSFÓLK.....	3
HÚSNÆÐI.....	4
2. SKÝRSLUR	5
3. SAMANTEKT Á ÁRINU 2016	7
4. UM FRÆÐSLUSTARFIÐ / SÍMENNTUN 2016	9
5. NÁMSMENN	10
6. NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF OG RAUNFÆRNIMAT	14
7. SAMSTARF OG VERKEFNI.....	16
8. STARFSÁÆTLUN 2017	18
9. FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI	18
10. SAMANTEKT OG FRAMTÍÐARSÝN	19

1. Stofnun og stofnaðilar

Viska var stofnuð í Vestmannaeyjum í janúar árið 2003. Markmiðið með stofnun VISKU – Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Vestmannaeyjum var að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Einnig var Visku ætlað að hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þessu var Visku ætlað með því að vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi og vera í fararbroddi á nýtingu á bestu fánægri fjarkennslutækni hverju sinni.

Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar, Sparisjóður Vestmannaeyja, Ísfélag Vestmannaeyja, Vinnslustöðin hf., Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf. (nú Tölvun), Tölvun ehf., Eyjasýn ehf., Skipalyftan hf., Drífandi stéttarfélag, Verslunarmannafélag Vestmannaeyja, (nú VR), Stavey, starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Verkstjórafélag Vestmannaeyja, Sveinafélag járníðnaðarmanna (nú FIT), Háskóli Íslands (Samstarfsnefnd HÍ og Vey), Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, (nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands) Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Háskólinn á Akureyri og *Stjórnunarfélag Vestmannaeyja* sem síðar var lagt niður.

Stjórn og varastjórn

Aðalmenn

Arnar Sigurmundsson, formaður
Helga Björk Ólafsdóttir, varaformaður
Gísli Eiríksson
Gunnar Gunnarsson
Arnar G. Hjaltalín

Varamenn

Davíð Guðmundsson
Páll Marvin Jónsson
Unnur B. Sigmarsdóttir

Endurskoðandi: Deloitte ehf

Skoðunarmenn: Ólafur Elísson og Þórhildur Ragna Karlsdóttir frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 19. maí 2015.

Starfsfólk

Stöðugildi Visku eru rúmlega tvö og að auki aðkeypt þjónusta. Forstöðumaður Valgerður Guðjónsdóttir er í fullu starfi og Sólrún Bergþórsdóttir, náms- og starfsráðgjafi einnig í fullu starfi. Þjónustufulltrúi Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfar einnig í ákveðnu stöðuhlutfalli fyrir Visku. Þar að auki hefur Jóhanna Lilja Eiríksdóttir komið að auknum mæli til vinnu fyrir Visku sem verktaki í

umsýslu við námskeið og kennslu og frá október 2015 hefur hún verið ráðin fastan tímafjöldi á mánuði í þrif og aðra umsýslu.

Húsnæði

Í skýrslu Visku fyrir árið 2016 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2016 og framan af ári 2017. Einnig verður farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað jafnt og þétt í starfsemi sem þessari hafa áhrif á framtíðarstarfsemi símenntunarmiðstöðva



Mynd frá myndasýningu Sigurgeirs, Kára og Arnars



Kynningarfundur um Haftengda nýsköpun 2016

2. Skýrslur

Viska er komin á fermingaraldurinn



Í ársbyrjun 2017 voru liðin 14 ár frá stofnun Visku og má því segja að Viska sé kominn á fermingaraldurinn. Árið 2016 var viðburðaríkt í Visku eins og flest fyrri ár. Sérstaða ársins mótast af því þetta er fyrsta heila árið þar sem öll starfsemin var til húsa á jarðhæð Strandvegs 50. Það er nú komin reynsla á nýja húsnæðið sem er samtals 290 fermetrar. Viska og Vestmannaeyjabær eiga hvor um sig 50% hlut í jarðhæðinni. Strandvegur 50 er þriggja hæða hús auk um 70 ferm. í kjallara. Eignaskipting er þannig að Vestmannaeyjabær er eigandi af 64,1% og Viska 35,9%. Sérstakt húsfélag í eigu Visku og Vm.bæjar annast útleigu á öllu húsinu sem er samtals 1000 fermetrar í heild. Viska leigir jarðhæðina, þekkingarsetur Vm. Aðra og þriðju hæð og Tölvun 70 ferm. rými í kjallara fyrir tölvu- og tæknirými.

Miklar kröfur eru gerðar til nútíma kennslu- og skrifstofuhúsnæðis og nemendaaðstöðu og hefur þeim verið fyllilega mætt í húsnæði Visku. Samhliða flutningum í nýtt húsnæði var stór hluti tækja- og húsbúnaðar Visku endurnýjaður.

Þá er mikill kostur að starfsemin er á öll jarðhæð og gott aðgengi fyrir fatlaða. Eftir flutninginn á jarðhæðina fyrir liðlega einu og háfu ári er starfsemi og húsnæði Visku mun sýnilegra og hefur það aukið samskipti við bæjarbúa og einkum þá sem hafa áhuga á sækja og/eða fræðast um námsframboð, námskeið og raunfærnimat hjá Visku.

Nýtt, stærra og sýnilegra húsnæði að Strandvegi 50 gerir um leið ríkari kröfur um betri þjónustu. Haustið 2016 hófst í nýja húsnæðinu þriggja anna háskólanám í Haftengdri nýsköpun í Vestmannaeyjum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík–HR- og Háskólann á Akureyri–HA. HR leitaði vorið 2016 til Visku og ÞSV eftir aðstöðu fyrir kennslu- og námsaðstöðu ásamt skrifstofu fyrir námsbrautarstjóra. Samningur var gerður til tveggja ára sem byggir á því að nýta samlegðaráhrif og koma á skilvirku samstarfi um nýtingu húsnæðis og þjónustu milli HR, Visku og ÞSV. Samstarfið við nemendur og námsbrautarstjóra hefur gengið mjög vel og hefur framlag Visku og ÞSV um húsnæðisaðstöðu fyrir Haftengda nýsköpun og vinnuframlag haft sitt að segja fyrir námið og framhald þess í Eyjum.

Verkefni Visku vegna árlegra samninga við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA- um viðurkenndar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og framkvæmd raunfærnimats hafa verið að aukast undanfarin ár. Starf náms- og starfsráðgjafa Visku var af þeim ástæðum aukið úr hálfu starfi í heilt starf starf frá 1. ágúst 2016. Helstu verkefni á haustönn 2016 og vorönn 2017 hafa falist í Menntastöðun sem er samstarfsverkefni með Fræðsluneti Suðurlands. Kennsla fer fram í gegnum fjarkennslubúnað frá Selfossi og Eyjum. Þá fór Grunnmenntaskóli hjá Visku af stað á vorönn 2017, en þessi tvö stóru verkefni taka lungann ásamt raunfærnimati af samningum Visku og FA árið 2017. Þá hefur Viska undanfarin ár haldið grunn- og framhaldsnámskeið í íslensku fyrir útlendinga. Þessu til viðbótar eru í gangi samningar við Fjölmennnt um ákveðin verkefni. Þrátt fyrir að tómstunda- og lífstílnámskeiðum

hafi fækkað mikið hjá símenntunarmiðstöðvum undafarin ár eru ávallt nokkur í gangi á hverri önn. Auk Valgerðar forstöðumanns og Sólrúnar náms- og starfsráðgjafa koma margir að vinnu fyrir Visku. Nær öll kennsla er í verktakavinnu og kennarar koma úr ýmsum áttum innanbæjar og utan.

Breytingar á námsframboði og verkefnum Visku kalla á beinna og virkara markaðsstarf. Sýna þarf meira frumkvæði, því samkeppni milli þeirra sem bjóða upp á framhaldsfræðslu mun halda áfram að aukast. Efla þarf kynningu á náms- og starfsráðgjöf og öðru námframboði Visku og símenntunarmiðstöðvum almennt. Framundan er samstarf við Fisktækniskólann í Grindavík um nám í Fisktækni ofl.

Viska hefur undanfarin tvö ár verið í samstarfi við Safnahús Vm. og Ljósmyndasafn Vm. Viskusalurinn á jarðhæð býður upp á gott húsnæði og tækjabúnað. Nú er búið að halda fimm ljósmyndasýningar þar af fjórar með ljósmyndum Sigurgeirs Jónassonar frá Skuld. Þeim er varpað á stórt tjald, ljósmyndum í ákveðnum myndaflokkum og kallað eftir upplýsingum eftir því sem við á. Aðsókn hefur verið mjög góð og verður framhald næsta haust. Í tengslum við Visku símenntunar næsta haust verður boðið upp á nokkur örnámskeið hjá Visku og lögð áhersla á menningartengd verkefni.

Um sama leiti og fest voru kaup á jarðhæð Strandvegs 50 vorið 2015 lá fyrir að Vestmannaeyjabær væri kominn af stað með framkvæmdir utanhúss á vesturhúsi Fiskiðjunnar. Fyrir lá viljayfirlýsing um leigu þekkingarseturs Vm. á 2. hæð hússins, sem er liðlega 1000 fermentrar, undir starfsemi sína og samstarfsaðila. Framkvæmdir eru í fullum gangi innanhúss aðra hæð. Reiknað er með að húsnæðið í Fiskiðjunni verði tilbúið um næstu áramót. ÞSV mun þá taka alla hæðina á leigu af Vestmannaeyjabæ og framleigja hana og mun þá Viska og flestir leigutakar að Strandvegi 50 ásamt nokkrum nýjum flytja í hið nýja húsnæði. Nú er í gangi mikil vinna með stórvirkum vinnuvélum við að brjóta niður og fjarlægja austurhús Fiskiðjunnar og stærstum hluta frystihúss Ísfélags Vm., en bæði húsin liggja að vesturhúsi Fiskiðjunnar. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvaða starfsemi verður á jarðhæð og þriðju hæð Fiskiðjuhússins, en það skýrist mjög fljótlega. Þá er nú hafnar framkvæmdir við nokkrar íbúðir sem verða á efstu hæð hússins.

Allt umhverfi símenntunarmiðstöðva og í framhaldsfræðslu er á sílfelldri hreyfingu. Aukið vægi raunfærnimats er þáttur í þessum breytingum.

Að endingu þakka ég stjórnarfólki og starfsfólki Visku fyrir ánægjulegt samstarf á viðburðaríku ári.

Vestmannaeyjum 12. maí 2017

Arnar Sigurmundsson, form. Stjórnar

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

3. Samantekt á árinu 2016

3.1. Styrkir og vildargjöld 2016

Á fjárlögum fyrir árið 2016 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum úthlutað styrkjum til reksturs og háskólanámsins og til ýmissa fræðsluverkefna, eins og kennslu námsskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánar í töflu 1.

Framlag frá	Verkefni	Styrkupphæð
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Rekstur Visku og þjónusta við háskólanám	22.200.000,-
Fræðslusjóður	Náms- og starfsráðgjöf	2.700.000,-
Fræðslusjóður	Raunfærnimat	10.051.000,-
Fræðslusjóður	Vottaðar námsleiðir	9.600.000,-
Fjölmennnt	Námskeið fyrir eistakl. m/fötlun	1.500.000,-
Rannís	Íslenska fyrir útlendinga	2.400.000,-
Samtals:		48.451.000,-

Tafla 1. Taflan sýnir helstu framlög og styrki til Visku árið 2016.

3.2 Mennta- og menningarmálaráðuneytið - framlög

Á Fjárlögum 2016 fékk Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum samtals 22,2 milljónir króna, samkvæmt samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem undirritaður var í desember 2015. Í samningnum segir um meginmarkmið, að Viska mun: „vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð í Vestmannaeyjum; greina þarfar fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Viska skal veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu og þróa hana meðal annars í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila vera með fjarnáms- og kennsluáðstöðu, vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir. Miðað er við að minnst 66% framlags skv. samningi fari í reglubundinn rekstur framhaldsfræðslu, sbr. 9. gr. laga um framhaldsfræðslu“¹. Þjónusta vegna háskólanáms er metið sem 25% af starfseminni.

3.3 Framlög Fræðslusjóðs

Árið 2016 gerði Viska samstarfssamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um kennslu vottaðra námsleiða og um verkefni tengt náms- og starfsráðgjöf. Framlög Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða námu 9.600.000 kr. Þessi upphæð er langt undir umsókn og nær ekki að dekka þau verkefni sem áætluð voru á árinu.

¹ Úr samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012.

Viska gerði einnig samning við FA vegna náms- og starfsráðgjafar. Samningurinn hljóðaði upp á 2.700.000 kr. og til raunfærnimats kr. 10.051.000 en inni í þeirri tölu er fjármagn sem færðist milli ára frá 2015 vegna skipstjórnar. Gert er ráð fyrir að ljúka framlaginu til skipstjórnar á árinu.

3.4 Aðrir samstarfsaðilar

Viska hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. stéttarfélögin í Vestmannaeyjum, Landsmennt, Sveitamenn, Sjómennt og Ríkismennt, svo einhverjir séu nefndir. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Visku að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á. Nú hefur vefurinn www.attin.is bæst við sem flýttir fyrir og einfaldar umsóknir um fyrirtækjastyrki.

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinnumálastofnun á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, Fjölmennt, SFS og Vinnueftirlitið svo einhverjir séu nefndir. Samstarf Vinnumálastofnunar og Visku hefur aukist til muna eftir að draga fór úr atvinnuleysi á landsvísu. Í Vestmannaeyjum hefur einstaklingum á atvinnuleysisskrá fjölgað og þörf að rýna í þá þróun.

3.5 Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Þekkingasetri Vestmannaeyja að Strandvegi 50, á 1. hæð. Alls hefur Viska til umráða í Setrinu tvær skrifstofur og tvær stærri kennslustofur, auk aðgengi að þriðju stofunni á þriðju hæð. Stórbætt aðstaða er fyrir námsmenn sem kjósa að stunda nám sitt í húsnæði okkar. Stjórnarformaður hefur farið yfir ferli húsnæðismála í skýrslu sinni hér fyrr og verður það ekki tíundar hér frekar.

3.6 Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald sl. haust hófst með útgáfu námsvísis, sem var innbláð í Eyjafréttum og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísar Visku eru almennt gefnir út tvisvar á ári með ýmsu sniði auk þess sem Facebooksíða Visku verður jafnt og þétt virkasti auglýsingamiðillinn. Heimasíða Visku virðist ekki ná jafn mikilli virkni og facebooksíðan gerir. Heimasíðan varð fyrir árás tölvuhakkara og var lokað á meðan á viðgerð stóð yfir. Í ljós kom svo að ekki var hægt að endurbæta hana svo nú er verið að vinna að nýrri heimasíðu.

Námskeiðahald hefur verið með öðru sniði en árin á undan. Meira er um námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir en þá um leið minna um námskeið fyrir þátttakendur sem greiða sjálfir.

4. Um fræðslustarfið / símenntun 2016

Árið 2016 gaf Viska út tvo auglýsingabæklinga í janúar og september í báðum tilfellum bornir í hús með Eyjafréttum. Í Námsvísi Visku var þjónusta Visku kynnt fyrir íbúum í Vestmannaeyjum ásamt upplýsingum um námskeið.


Í þessum kafla eru myndrænar lýsingar á fjölda námskeiða og námsmanna 2016 samanborið við árin þar á undan.

4.1. Gæðahandbók


Gæðahandbók Visku lýsir stjórnskipulagi og stefnu fyrirtækisins ásamt þeim ferlum sem notaðir eru til að uppfylla gæðamarkmið fyrirtækisins. Uppfærsla gæðahandbókar fer fram eftir úttekt fram á að fara árlega. Ekki hefur verið gerð úttekt frá því á árinu 2015. Nýir úttektaraðilar voru ekki ráðnir fyrr en á vormánuðum 2017 og má gera ráð fyrir að úttektir hefjist aftur í haust.

4.2 Námskeið

Námskeiðin eru talin á hverri önn fyrir sig, annars vegar á vorönn og hins vegar á haustönn. Þau námskeið sem ná yfir árásmót eða sumarfrí teljast því sem tvö námskeið (fyrri hluti og seinni hluti). Árið 2016 voru haldin 29 námskeið, sem dreifðust á tvær annir. Eitt af þeim námskeiðum héldum við á Þórshöfn fyrir Ísfélagið fyrir nýliða í fiskvinnslu og er það í þriðja skipti sem þetta er gert í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Á mynd eitt má sjá þróun fjölda námskeiða frá upphafi. Mynd tvö sýnir hvaða námskeiðsflokkar voru haldnir og fjölda þátttakenda. Ein af skýringum þess að aðeins hafi verið haldin níu námskeið á vorönn 2017 er að árið hófst með verkfalli sjómanna og um leið vinnustoppi í fiskvinnslu í landi. Það var því lítil aðsókn á námskeið á meðan á því stóð. Þetta hafði líka áhrif í lok árs 2016.




Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2016



Mynd 2. Fjöldi námskeiða á árinu 2016 eftir námskeiðsflokkum

5. Námsmenn

Ef við kíkjum hins vegar á töflu um þróun nemendastunda þá má sjá að fjöldi þeirra er breytilegur milli ára. Námskeiðsstundirnar (kennslustundir) á árinu 2015 eru 1.214 alls en eins og mynd þrjú sýnir eru nemendastundirnar 33.930 alls. Þarna ráða mestu fjöldi á fiskvinnslunámskeiðum bæði nýliða og í námsleiðum. Á árinu 2016 var ekki haldinn mikill fjöldi námskeiða en mörg þeirra innihalda margar kennslustundir. Menntastöðir er t.d. 660 stunda námskeið kennt á tveimur önnum sem skarast um áramótið 2016-2017, 330 kennslustundir á hvort ár. Kenndar stundir á árinu 2016 voru 1069 en nemendastundir 18.967. Nemendur í Menntasöðum eru skráðir sem heildarfjöldi á báða staði þar sem þeir eru nemendur beggja stöðva.



Mynd 3. Þróun nemendastunda á árunum 2004-2017


Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Flestar nemendastundir eru kenndar í flokknum námsleiðir FA. Það er eðlilegt í ljósi þess að þær námsleiðir eru jafnan lengstu kenndu námskeið í miðstöðvunum hverju sinni. Árið 2015 voru það fiskvinnslunámskeiðin sem hleypta þessari tölu upp. Ef Menntastöðir væru kenndar á einu ári, sköruðust ekki um áramót væri þessi mynd annars eðlis.



Myndir frá námskeiði í tálgun 2016


Að vanda látum við hér fylgja með mynd af kynjahlutfalli á námskeiðunum og það er gömul saga og ný að konur eru í meiri hluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Milli ára virðist sem körlum

fjölgi hjá okkur en þegar farið er ofan í tölurnar og hvers konar námskeið hafa verið haldin kemur í ljós að þar hafi verið um lyftaranámskeið eða öryggisnámskeið, suðunámskeið og námskeið mjólmanna.




Myndir 4. Kynjaskipting á námskeiðum 2003 og fram til vors 2016

Námskeið Visku 2016 eru flokkuð í fimm flokka. Námsleiðir síðasta árs voru um leið starfstengd að mestu. Árið 2016 hafa menningarnámskeiðin verið fjölmenn en ekki löng. Sum tómstundanámskeið eru jafnframt starfstengd fyrir suma og getur haft áhrif á myndir. Myndir fimm og sex sýna annars vegar þátttöku eftir flokkum og svo nemendastundir eftir flokkum.




Mynd 5. Myndin sýnir fjölda námsmanna eftir námsflokkun



Mynd 6. Þróun nemendastunda eftir námskeiðum 2015-2017

Árið 2016 voru námsmenn á námskeiðum í Visku 658 að tölu, en á vorönn 2017 hafa þeir náð 132. Hér má aftur sjá áhrif verkfalls á þátttöku í námi eða námskeiðum.




Mynd 7 sýnir fjölda námsmanna frá upphafi.

6. Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjöfin árið 2016 tengdist mikið raunfærnimati. Um 2/3 ráðgjafarinnar var vinna við þessi verkefni. Einnig tengdist ráðgjöfin töluvert þeim námsleiðum sem voru í gangi. Ekki var þörf á að auglýsa almenna náms- og starfsráðgjöf mikið á árinu því að fólk kom að eigin frumkvæði, oft eftir að hafa heyrt um hana frá fyrrum ráðþegum. Sú ráðgjöf fólst mikið í að veita upplýsingar um ýmis konar nám, áhugasviðsgreiningar og persónulegan stuðning vegna ýmissa hindrana.

Samtals voru tekin 273 viðtöl á árinu 2016. Það voru áberandi fleiri karlar í og helgast það að miklu leyti af raunfærnimati í skipstjórn, en fjöldi viðtala með körlum var 203, eða um 73%. Fjöldi viðtala með konum var 70, eða um 27%. Meiri hluti ráðþega mætti í fleiri en eitt viðtal. Í raunfærnimatinu fara þátttakendur í gegnum ákveðið ferli sem náms- og starfsráðgjafi leiðir og styður þá í gegnum. Það felur í sér nokkurn fjölda viðtala, en þar sem að stór hluti þátttakenda kom víðs vegar að af landinu fór töluverður hluti ráðgjafarinnar fram í gegnum síma eða tölvupóst. Í sumum tilfellum sér ráðgjafi ekki ráðþegann fyrr en í gegnum skype í matsviðtali og stundum jafnvel ekki þá. Á móti kemur að ráðgjafar hinna ýmsu símenntunarmiðstöðva um landið sinna oft á tíðum ráðgjöfinni við undirbúning undir matsviðtölin. Áhersla er lögð á að vera í reglulegu símasambandi við ráðþegana til að byggja upp gott ráðgjafasamband.



Mynd 8 . Fjöldi ráðgjafaviðtala hjá Visku á undanförunum árum

Raunfærnimat

Raunfærnimat var í gangi í skipstjórn, þjónustuliðagreinum og í samstarfi í iðngreinum og fisktækni. Þátttakenda var aflað í gegnum auglýsingar, bæði í blöðum og á fésbókinni. Einnig voru kynningar í fyrirtækjum og stofnunum. Það kom í ljós að það skipti töluverðu máli að vera í góðu sambandi við yfirmenn, því að hluti þeirra ýtti við og studdi vel við starfsmenn sína til að taka þátt í

raunfærnimatinu. Kynningarnar virkuðu upp að ákveðnu marki, en nauðsynlegt reyndist að vera í reglulegu sambandi við ráðþegana til þess að tryggja að þeir misstu ekki móðinn á meðan ferlinu stóð.

Raunfærnimatið í skipstjórn

Ekki var þörf á að auglýsa raunfærnimatið í skipstjórn því að ákveðin hópur úr Sjósóknarverkefninu 2015 færðist yfir á þetta ár. Einnig fékk töluverður fjöldi upplýsingar um matið í gegnum fyrrum þátttakendur, Skipstjórnaðarskólann eða verkalýðsfélög. Það sóttu 39 menn um að komast í verkefnið, 33 hófu ferlið, en 25 luku raunfærnimatinu. Allt voru þetta karlmenn og var meðalaldur þeirra 40, yngstur var 26 ára og elstur var 66.

Raunfærnimatið þjónustuliðagreinum

Boðið var upp á raunfærnimat hjá Visku í fyrsta sinn í leikskólaliðanum, stuðningsfulltrúanum, félagsliðanum og skólaliðanum. Haldnar voru kynningar á mörgum vinnustöðum og auglýsingar settar í Eyjafréttir og á fésbókina. Einnig kom stýrihópur þessu á framfæri á sínum vinnustöðum. Það sóttu tólf konur um að komast í verkefnið, en ellefu luku raunfærnimatinu. Það voru níu konur sem luku mati í leikskólaliðanum og tvær sem luku í stuðningsfulltrúanum. Meðalaldur þeirra var 47 ár, yngsta var 33 ára og elst var 64. Þær stefna allar á að klára námið í framhaldi og mun það hefjast haustið 2017.

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar

Nokkur áhugi var fyrir raunfærnimati í iðngreinum og fiskvinnslu/veiðum. Í matartækni og sjókokknum luku tveir mati, og er annar þeirra nú í námi í þeirri grein. Einn fór í gegnum mat í vélstjórn og einn í netagerð. Þar að auki kláruðu þrír raunfærnimati í fiskveiðum/fiskvinnslu.

Sólrún Bergþórsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi hjá Visku



Myndir teknar úr starfseminni á haustönn 2016



7. Samstarf og verkefni

7.1 Kvasir og Leikn

Viska er aðili að Kvasi- samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Samtals eru stöðvarnar ellefu að tölu og mynda þær þétttriðið net hringinn í kringum landið.



Í stjórn Kvasis fyrri 2016 sátu Smári Haraldsson formaður, Ísafirði, Guðrún Á. Jónsdóttir gjaldkeri, Austurbrú, og Sólveig Hildur Björnsdóttir ritari, Mími. Forstöðumenn innan Kvasis funduðu reglulega á árinu auk hefðbundinna vor- og haustfunda. Vorfundur Kvasis var haldinn á Vesturlandi og haustfundurinn var í Vestmannaeyjum. Vorfundur 2017 var haldinn á Selfossi í apríl sl.

Mynd 9. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík. Rautt táknar „aðalstöð“ og blátt táknar námsver og námsstofur.

Heimasíða Kvasis er: www.fraedslumidstodvar.is Þar má meðal annars lesa árskýrslur samtakanna. Á mynd 11 má sjá hvar stöðvarnar eru staðsettar á landinu.

Viska er aðili að Leikn, en Leikn eru samtök fullorðinsfræðsluaðila (framhaldsfræðslu) á Íslandi. Formaður Leiknar starfsárið 2016-2017 var Hulda Anna Arnljótsdóttir. Hún lét af störfum hjá Starfsmennt sl. haust og tók Guðrún Vala Elísdóttir við formennsku. Auk hennar eru í stjórn Leiknar Guðrún Lárusdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helga Gísladóttir og Ólafur Ástgeirsson. Heimasíða Leiknar er: www.leikn.is Leikn hefur haldið átta fjarfræðsluerindi á starfsárinu. Hvert erindi er um 40 mínútna langt og samanstendur af fyrirlestri gestafyrirlesara og umræðum. Erindin eru flutt í gegnum Adobe Connect hugbúnað Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og

eru allar upptökur aðgengilegar á heimasíðu Leiknar. Þar eru enn fremur leiðbeiningar um hvernig hægt er að tengjast inn á fjarfræðsluerindin

10.1 Tímabundin verkefni

Viska er aðili að verkefni sem kallast Sjósókn, Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi. Markmið þessa verkefnis, er að efla menntun sjómanna og hækka menntunarstig þeirra. Raunfærnimat og leiðir til að stunda nám í Menntastöðum óháð nettengingu er hluti af verkefninu. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Viska er samstarfsaðili og ber ábyrgð á raunfærnimati í skipstjórn í verkefninu. Ljóst var þegar líða tók á árið 2015 að verkefnið hefði átt að vera til tveggja ára. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Sjómennt samþykktu beiðni ssamstarfsaðilanna um að lengja verkefnið til tveggja ára. Sótt var um framhald verkefnisins fyrir árið 2017 og komu þá fleiri aðilar að verkefninu.

Sótt var um styrk til Nordplus um framhald af lesblinduverkenfni sem lauk vorið 2015. Þar er ekki aðeins ætlunin að fjalla um lesblindu sem hindrun, heldur líka geðrænar hindranir og ADHD. Styrkur fékkst til verkefnisins og var fyrsti fundur haldinn í Sisimiut á Grænlandi í september 2016. Sömu aðilar eru með í verkefninu utan þess að nýr aðili er frá Svíþjóð og stofnun í Riga í Litháen hefur verið bætt við. Verkefninu er ætlað að finna leiðir, tæki og tól fyrir þessa nemendur til að ná að stunda nám sitt. Næsti fundur í verkefninu er í lok maí í Riga í Lettlandi.

Í samvinnu við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra voru haldin tölvunámskið, matreiðsla og íþróttaskóli. Tókust þessi námskeið afar vel og stefnt er á að halda þessu samstarfi áfram.

7.3 Aðrir samstarfsaðilar

Viska var í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. FÍV hefur séð um að votta framhaldsskólaeiningar þar sem það á við og matsaðilar í raunfærnimati hjá Visku koma einnig einhverjir þaðan. Leiðbeinendur koma einnig frá Grunnskóla Vestmannaeyja og víðar.

Viska er í samstarfi við háskólana og endurmenntunardeildir þeirra. Viska auglýsir það fjarnám sem er í boði til Vestmannaeyja á heimasíðu sinni.

7.4 Vinnumálastofnun

Viska og Vinnumálastofnun Suðurlands voru í samstarfi á árinu um fundaaðstöðu fyrir Vinnumálastofnun. Eftir að VMST lokaði skrifstofu sinni hér í Eyjum hafa fulltrúar frá þeim komið til Eyja með reglulegu millibili til að hitta skjólstæðinga sína. Nú er hlutfall atvinnulausra í Eyjum heldur hærra en vonir stóðu til. Viska og VMST hafa haldið nokkur námskeið fyrir atvinnuleytendur á árinu 2016 og eitt á vorönn 2017.

7.5 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Viska undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu um að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun og bætta stöðu á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Visku hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og raunfærnimat. Ráðgjöfin hefur gegnið vel sem og námsleiðirnar og raunfærnimat vaxið með ári hverju.

8. Starfsáætlun 2017


Í fylgiskjali má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2017. Að öðru leyti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

8.1 Námskeiðahald

Námskeiðahald árið 2016 var fjölbreytilegt í nýju húsnæði. Með því að vera komin á jarðhæð þá fjölgaði heimsóknum inn af götunni. Aðsókn er misjöfn eftir árum og námsleiðir og raunfærnimat átt stóran sess í starfseminni sem og fyrirtækjaverkefni. Tólmstundanámskeið eru að breytast og flest eru þau um hollt matarræði og líferni. Vorið 2017 hófst með löngu verkfalli sjómanna, sem setti svip sinn á starfsemina. Námskeið fyrir Vinnuálastofnun og fyrirtæki og stofnanir skipuðu stærstan þátt á vorönninni.


9. Fjarnám á háskólastigi

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur nú fjölgað aftur jafnt og þétt. Flestir eru fjarnemar frá Háskólanum á Akureyri en aðrir háskólar eiga líka nema í fjarnámi. Það er miður að háskólar á Íslandi skuli ekki sjá sóma sinn í að bjóða upp á fleiri greinar í fjarnámi en raun ber vitni. Fjarnám breytist eðlilega og um þessar mundir fer það að mestu fram í tölvu hvers og eins. Fjarnemum sem notfæra sér aðstöðu í Visku hefur fjölgað jafnt og þétt. Við flutning niður á fyrstu hæð getum við betur komið til móts við þörf fjarnema fyrir aðstöðu til náms. Á árinu 2016 margfaldaðist fjöldi einstaklinga í próftöku hjá Visku eins og sjá má á mynd 11 og ekki dregur úr fjölda próftakenda nú á vorönn 2017. Raunfærnimat í skipstjórn er að fjölga nemendum sem stunda dreifnám frá Skipstjórnarskólanum. Einnig eru á hverju ári nemar í einkapjálfun eða háskólabrú frá Keili.



Mynd 10 sýnir þróun próftöku hjá Visku síðustu ár.

10. Samantekt og framtíðarsýn



Starfsárið 2016 var skemmtilegt á svo mörgum sviðum. Starfsemin var flutt í nýtt húsnæði seint á árinu 2015 og því fyrsta heila árið við nýjar vinnuaðstæður. Það er skemmst frá því að segja að öll umferð í húsnæðinu hefur stóraukist og háskólanemar lífga upp á hið daglega starf og svo bætast námskeiðin við á kvöldin

Sveigjanleiki hefur verið lykilatriði í starfsemi Visku frá upphafi og starfsemin tekið mið af kröfum samfélagsins hverju sinni. Raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf skilar miklu inn til fjölbreytilegra verkefna og við búumst eingöngu við aukningu á því sviði.

Það eru ótal litlir, en afar merkilegir hlutir sem eiga sér stað í námi fullorðinna. Fyrstu skrefin í áttina að hefja nám, skólastofa full af nemum með ólíka reynslu að baki, en eiga samt fleira sameiginlegt en þá grunar. Fyrst eru þessir nemendur hljóðir og hikandi en smám saman eykst sjálftraustið og trúin á eigin getu. Við getum verið að lýsa nemum í Grunnmenntaskóla eða Menntastöðum eða svo mörgum öðrum námskeiðum og námsleiðum.

Viska og Fræðslunet Suðurlands hafa í vetur unnið í sameiningu að Menntastöðum þar sem námið er að hluta fjarkennt til Eyja og að hluta frá Eyjum á Selfoss í gegnum skype. Samstarf milli stöðva eykur möguleika okkar á að bjóða upp á nám þegar erfitt er að ná lágmarksfjölda á hverjum stað.

Menntastöðir er námsleið fyrir fullorðna til að nálgast frumgreinadeildir og í framhaldi háskólanám.

Þegar upp er staðið erum við mest í því að hlaða námsskrefum, misstórum og litlum, í bakpoka markhópsins okkar. Á þeirri leið eru hænuskrefin oft ekki síður mikilvæg en stærri námsleiðirnar. Það er mitt mat að mjög þung rök standi til þess að hagsmuna þeirra sé gætt og hún marki starfsemi markhópa framhaldsfræðslunnar.

Til þess að þetta sé hægt þurfum við að vera með með miðlægt kerfi til að ná öllu námi fræðsluaðila inn á einn stað. Við þurfum að halda utan um allt nám, ekki eingöngu vottaðar námsleiðir FA, heldur hvert einasta smánámskeið sem hver miðstöð heldur/stendur fyrir. Með þeim hætti getum við tryggt fram í framtíðina (skv. Gæðaviðmiðum EQM) aðgengi nemenda að námsferli sínum. Að þeir geti eftir 20 ár séð hvort einhver einstaklingur sótti nám hjá símenntunarmiðstöð og hvað það var nákvæmlega (allt frá „kvöldnámskeiði í sjálfsstyrkingu“ í þriggja anna námsleið FA).

Haftengd nýsköpun hófst haustið 2016 með tíu nemendum, sem hafa rutt brautina fyrir komandi ár. Það er gaman frá því að segja að í síðustu viku unnu þau til tveggja verðlauna í árlegri keppni HR í nýsköpun. Við vonum að þessi frábæri árangur verði til þess að fleiri nemendur komi til náms á næstu árum.

Það eru spennandi tímar framundan í framhaldsfræðslunni og gnótt verkefna. Atvinnulífið hefur sóst eftir aukinni verk- og tæknimenntun og ljóst að við verðum að bregðast við því kalli á símenntunarsviðinu. Starfsfólk Visku og stjórn munum leitast við að standa vörð um sveigjanleika í námi áfram sem hingað til og taka hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur.

Hlutverk og ábyrgð starfsfólks símenntunarstöðva er veigamikið og frá fyrsta degi er unnið markvisst að uppbyggingu einstaklingsins í gegnum sjálfstyrkingu, markmiðasetningu og stuðning leiðbeinenda, verkefnastjóra sem og náms- og starfsráðgjafa. Þau eru fólkið með reynsluna, fólkið sem hefur fylgst með þátttakendum, útskrift eftir útskrift og jafnvel löngu eftir það.

Viska fest sig í sessi sem valkostur í námi fullorðinna. Markvisst hefur verið unnið að því að koma á framfæri þeim áherslum sem miðstöðin stendur fyrir og þeim fjölbreyttu námstækifærum sem boðið er uppá innan veggja Visku. Markmiðið er að styrkja þá mynd í hugum fólks að Viska sé skóli þar sem fullorðnir námsmenn hafa tækifæri til þess að nema og efla færni sína á tilteknum sviðum. Mikið af framboð okkar er þó háð fjármagni frá Fræðslusjóði og fyrir árið 2017 fengum við mun minna fjármagni en sótt var um. Úthlutunarreglur Fræðslusjóðs virðast vera orðin hindrun á því starfi sem fram fer og oftast en ekki þurfa stöðvarnar að sækja fjármagn í eigin sjóði sem um leið skerðir afkomu eða fækka verkefnum.

Vestmannaeyjum 16. Maí 2017

Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

Rekstraráætlun Visku 2017

Tekjur:

Rekstrarframlag á fjárlögum 2017	kr.	22.400.000
Samningar v/FA um vottaðar námsleiðir	kr.	9.550.000
Samn. v/FA - náms- og starfsráðgjöf	kr.	2.690.000
Samningar v/FA v/ raunfærnimats	kr.	153.000
Áætl. Yfirf. Eftirst. Raunfærnimats 2016	kr.	5.425.700
Námsleiðir þátt.gjöld	kr.	1.500.000
Samningur við Fjölmenn v/námskeiða	kr.	1.500.000
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	kr.	2.000.000
Almenn námskeið og önnur verkefni	kr.	2.500.000
Aðrar tekjur og arðgreiðslur af S-50	kr.	1.500.000
Fjármagnstekjur -nettó-	kr.	1.600.000

Samtals tekjur	Kr	50.818.700
-----------------------	-----------	-------------------

Gjöld:

Laun og annar starfsmannakostnaður	kr.	21.500.000
Grunnleiga vegna jarðhæðar Strandvegs 50	kr.	3.000.000
Ljós, hiti, ræsting og þjónustuskrifstofa	kr.	4.700.000
Þóknun til stjórnar & varastj.m/launat.	Kr.	2.600.000
Námsleiðir, námskeið, raunfærnimat	kr.	11.000.000
Rekstur, FS net og viðh.upplýsingakerfa	kr.	4.000.000
Bókhald, endurskoðun, ofl.	Kr.	1.500.000
Gjaldfærður stofnbúnaður	kr.	1.000.000
Annar kostnaður	kr.	1.500.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr.	50.800.000
Tekjur umfram gjöld	kr.	18.700

Rekstraráætlun Visku 2017, rekstrartekjur og útgjöld var tekin til umræðu og samþ. á stjórnarfundum 1.febrúar 2017.

Vestmannaeyjum 1. febr. 2017– Arnar Sigurmundsson, form.

Tækja- og eignalisti

Frá 2003 uppfærður 15.05.2017

Afskrifuð tæki og hlutir felld niður af lista

Tæki/áhöld	Staðsetning
Skjalavarp	Geymslu 1. Hæð
Skrifborð	Strandvegur 50 í geymslu

2004

Pappírstætari	Þjónustufulltrúi 2. Hæð
AKG Wierless	Geymsla

2005

Polycom myndfundabúnaður V500	Strandvegur 50 geymslu
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Strandvegur 50 geymslu
Örbylgjuofn	Opið rými 1. Hæð
Samlokugrill	Opið rými 1. Hæð

2006

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Strandvegur 50 geymslu
Sýningartjald	Strandvegur 50 þriðju hæð
2 IBM Skjái 19"	Náms- og starfsráðgjafa og geymslu
10 borð	Kennslustofa 1. Hæð

2007

Whirlpool kæliskápur	Opið rými 1. Hæð
Silver line plöstanarvél	Þjónustufulltrúi 2. Hæð
Auglýsingastandur	Andyri 1. Hæð
Sony 46" Bravia Plasmasjónvarp	Skrifstofu PMJ 2. Hæð
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá sérkennara Visku og FÍV

2008

HDX 8004 XLP ,HD codec HD, Eagle Eye HD myndavél,HDX hljóðnemi,tengigeta f. Allt að 4 Mbps, 4 porta fjarfundabúnaður, People+Content IP, People on Content IP,Ensk fjarstýring, Analogport fyrir	Strandvegur 50 Fjarfundabúnaður í kennslustofu 1. Hæð
--	--

fundarsíma, kapplar: VGA video (DVI-to-VGA), audio (RCA-to-RCA), LAN, RJ11,	
HP scanjet G3010	Hjá námsráðgjafa

2009

Bernina saumavél	Í vörslu forstöðumanns
------------------	------------------------

2010

Skrifborð, hillur og stóll	Skrifstofa námsráðgjafa
Þráðlaust headset fyrir síma	Kennslustofu S50
Dell SrS Premium Sound fartölva	Strandvegur 50 Suðurstofa

2011

Scott útvarp	Skrifstofa forstöðumanns
Scott útvarp	Skrifstofa ráðgjafa
Router Cisco Linksys E2000	Kennslusal 1. Hæð
Prentari	Skrifstofa ráðgjafa
Tíu fartölvur til kennslu Dell Premium Inspiration N5110	Í læstum skáp í kennslustofu 3. Hæð

2012

iPad	Geymdur hjá forstöðumanni
Tvö sjónvörp Sony Bravia	Andyri og kennslustofu 1. Hæð
Fjarfundabúnaður Polycom QDX 6000	Í fjarfundastofu 1. Hæð
Router Port Fast Ethernet Switch	Í geymslu
Kindle lesbretti	Skrifstofa forstöðumanns
Gjallarhorn SHO-ME	Strandvegur 50, Arnar Sigurmunds

2013

Samsung sjónvarp	Fjarfundastofa 1. Hæð
Lenovo ideapad fartölva	Hjá námsráðgjafa
Lenovo ideapad, kennslutölva	Forstöðumaður
Samsung diskaflytjari	Hjá forstöðumanni
Flakkari	Hjá forstöðumanni

2014

Headphones fyrir fjarfundi	Læstum tölvuskáp 1. Hæð
AcerAspire Switch	Hjá forstöðumanni
Flettitafla á hjólum	Kennslustofum

2015

Bestå skápar frá Ikea	Salur 1. Hæð
Fatahengi frá Pennanum	Salur 1. Hæð
70 stólar frá Pennanum eignfærðir	Strandvegur 50 1. Hæð
20 borð frá AJ-eygnfærð	Salur 1. Hæð
Tússtafla	Salur 1. Hæð
Skjávarpi	Salur 1. Hæð
Hljómflutningstæki	Salur 1. Hæð
Dolche Gusto kaffivél	Opið rými 1. Hæð
3 veggklukkur	Strandvegur 50 1. Hæð
Billy skápur frá Ikea	Skrifstofa forstöðumanns
Tvö háborð	
Electrolux uppvottavél	Eldhús 1. Hæð
Tölva-brix	Salur 1. Hæð

2016

Acer spjaldtölvur 5 stk	Læstum skjalaskáp
Skjalaskápur úr Ikea	Opnu rými 1. Hæð
Kallax hillur hvít og svört	Opnu rými 1. Hæð
Skápahirslur frá Ikea	Opnu rými 1. Hæð andyri
30 stólar frá Pennanum-eygnfærðir	Salur 1. Hæð
2 eldhúseyjar frá Ikea	Opið rými 1. Hæð og eldhús
Skáphirsla frá Ikea	Minni kennslustofa 1. Hæð
Kaffivél Tecnic worm	Eldhús 1.hæð
Bose hátalari	Kennslustofa 1. Hæð
Samsung sími	Sólrún námsráðgjafi
Samsung Galaxy A5 sími	Valgerður forstöðumaður
Vefmyndavél Logitech BCC950	Minni kennslustofa 1. Hæð

2017

10 Lenovotölvur Thinkpad T460	Læstum tölvuskáp
Tölva-brix	Diskóbúr
Borðtölva Dell	Skrifstofa ráðgjafa
Tölvuskjár Philips	Skrifstofa ráðgjafa
Fartölva Lenovo Thinkpad T13	Í vörslu forstöðumanns
Prentari, gjöf frá Drífanda	Nemendaaðstöðu niðri

